

## Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um aðstoð við fatlaða vegna orlofsdvalar eða ferðalaga.

Frá Margréti Frímansdóttur.

1. Hvað hefur verið gert til þess að framfylgja þeim ábendingum og tillögum sem fram koma í skýrslu starfshóps félagsmálaráðuneytis frá 1999 um möguleika fatlaðra til dvalar í orlofshúsnæði og til ferðalaga innan lands eða utan?
2. Hefur verið gerð úttekt á orlofshúsnæði og umhverfi þess með tilliti til aðgengis fatlaðra?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að kostnaður aðstoðarmanns fatlaðra sem dvelja í orlofshúsnæði eða ferðast innan lands og utan verði greiddur úr opinberum sjóðum?
4. Hefur ráðherra beitt sér fyrir því að komið verði á fót fræðslunámskeiðum fyrir fólk sem tekur að sér starf aðstoðarmanns fatlaðra í orlofsdvöl eða á ferðalagi? Ef svo er, hvenær má vænta þess að slík námskeið hefjist og hver mun bera kostnaðinn af þeim?